

8.bekkur Glerárskóla

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Í þessum námsvísi birtast helstu áherslur þeirra í kennslu einstakra námsgreina. Þeim sem vilja leita sér nánari upplýsinga er bent á **Aðalnámskrá grunnskóla veffang: www.mrn.stjr.is**. Aðalnámskrá útfærir nánar ákvæði laga um kjarnagreinar og aðrar skyldunámsgreinar og segir til um áherslur og vægi. Hún er grundvöllur skólanámskrárgerðar og jafnframt viðmiðun við mat á skólum og skólastarfi. Viðmiðunarstundaskrá, sem sýnir hlutfallslegt vægi milli námsgreina og námssviða, er hluti af aðalnámskrá.

Á unglíngastigi í Glerárskóla er kennslan faggreinamiðuð. Skólasýn Glerárskóla, **hugur, hönd og heilbrigði** fléttast eftir föngum inn í kennsluna. Markvisst kemur þessi sýn fram í sameiginlegum viðburðum stigsins. Að hausti er farið í fjallgöngu, fótþoltamót nemenda er haldið í Boganum, á þemadögum er skólasýnin höfð að leiðarljósi, farið er í skíðaferð ef unnt er, á árshátíð skólans bera nemendur á unglíngastigi hita og þunga af undirbúningi og á vordögum eru útivistardagar þar sem nemendur koma að skipulagi.

Eineltisáætlun skólans, **Olweusaráætlunin**, er hluti af hefðbundnu starfi skólans. Kennarar eru meðvitaðir um stefnuna og halda bekkjarfundum með bekkjum sínum. Markmið með bekkjarfundum er að móta og viðhalda bekkjaranda svo nám geti átt sér stað. Lagðar eru fyrir tengslakannanir í öllum bekkjum á unglíngastigi að vori og hausti. Unnið verður í vetur að innleiðingu uppeldisstefnunnar um **Jákvæðan aga**.

Viðmiðunarstundaskrá, sem sýnir hlutfallslegt vægi milli námsgreina og námssviða, er hluti af aðalnámskrá. Heildarfjöldi kennslustunda í 8.bekk er 37. Þar af eru valgreinar 4 stundir. Tölurnar í svigunum segja til um fjölda kennslustunda á viku í viðkomandi námsgrein.

Umsjónarkennarar í 8. bekk eru: Fríða Pétursdóttir og Sigurjón Magnússon.

Íslenska (5)

Áfram er reynt að efla tök nemenda á íslenskunni á sem fjölbreyttastan hátt. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla er íslenska ein heildstæð námsgrein sem á að fela í sér lestur og bókmenntaumuræðu, talað mál og framsögn, hlustun og áhorf, ritun og stafsetningu auk málfræði.

Mikilvægt er að nemendur átti sig á því að góð þekking á móðurmálinu, eðli þess, sögu og sérkennum er nauðsynlegur þáttur í almennri grunnmenntun. Hér að neðan eru talin helstu áhersluatriði íslenskukennslunnar. Kennari setur upplýsingar um verkefnavinnu inn á Mentor en æskilegt er að nemendur skrái verkefnavinnu í skóladagbækur. Mikilvægt er að hafa gott skipulag á vinnubókum og halda vel utan um öll gögn.

Lestur og bókmenntir:

- Nemendur þjálfist í að lesa margvíslega texta sér til gagns og gamans og geri sér grein fyrir mikilvægi þess að viðhalda og þjálfra lestrarfærni.
- Nemendur geti lagt mat á texta og greint aðalatriði frá aukaatriðum.
- Nemendur lesi texta frá ólíkum tímum og átti sig á tengslum þeirra við sögu og menningu þjóðarinnar. Nemendur fái innsýn í fjölbreytileika íslenskra bókmennta, fornra og nýrra. Í 8. bekk er áherslan á þjóðsögur, fornsögur, unglíngabókmenntir og ljóð.
- Nemendur geti beitt helstu hugtökum sem notuð eru í umræðu um bókmenntir.

Helsta námsefni: Hrafnkels saga, þjóðsögur, ýmsar unglíngabækur og Kveikjur

Heimavinna: Lestur er mjög mikilvæg heimavinna og lögð er áhersla á heimalestur.

Námsmat: Tímakannanir, ritunarverkefni, lesskilningspróf og verkefnaskil.

Málfræði:

- Nemendur þekki beygingarleg og merkingarleg einkenni fallorða og geri sér grein fyrir hlutverki þeirra í texta.
- Nemendur geri sér grein fyrir orðmyndun og orðeiningum.
- Nemendur kunni skil á orðtökum og málsháttum og séu meðvitaðir um fjölbreytileika tungumálsins.

Helsta námsefni: Málið í mark, Finnur 1, Orðhákur 1 og Kveikjur.

Heimavinna: Málfræðiverkefni þarf að vinna heima ef nemendur ljúka ekki því lágmarksefni sem þeim er ætlað að vinna í kennslustundum.

Námsmat: Tímakannanir, heimapróf, próf í annarlök og verkefnaskil.

Stafsetning og ritun:

- Lögð er áhersla á réttiritun og greinarmerkjasetningu.
- Nemendur þekki málsgreinar og efnisgreinar.
- Nemendur geti gert útdrátt úr texta.
- Nemendur skrifi mismunandi textategundir.
- Nemendur tileinki sér skipulögð vinnubrögð við ritgerðarsmíð og geti byggt upp texta í röklegu samhengi.
- Nemendur geti tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim á skipulagðan og læsilegan hátt.
- Lögð er áhersla á góðan og fjölbreyttan orðaforða við ritun.
- Nemendur tileinki sér skipulögð vinnubrögð við ritgerðarsmíð. Geti dregið saman efni, endursagt og fellt inn í eigin texta.

Helsta námsefni: Ritunarbókin og Kveikjur.

Heimavinna: Ritunarverkefni og undirbúningur vegna þeirra.

Námsmat: Upplstraræfingar, ritunarverkefni og verkefnaskil.

Talað mál og hlustun: Fléttast inn í kennsluna eftir föngum. Nemendur eru hvattir til þess að tjá sig og færa rök fyrir skoðunum sínum.

Fjallað er um framsögn og tjáningu þar sem markvisst er farið í gegnum þá þætti sem skipta máli við að flytja mál sitt skýrt og skilmerkilega fyrir aðra.

Námsmat: Leiðsagnarmat, nemendur fá leiðbeiningar og umsögn um frammistöðu sína.

Námsmat að vori birt í bókstöfum.

Kennari: Fríða Pétursdóttir.

Stærðfræði (5)

Helstu áhersluatriði: Tölur og talnareikningur, rúmfræði, almenn brot, tugabrot og prósentur, tölfræði og algebra og jöfnur.

Helsta námsefni: Skali 1A, Skali 1B og ýtarefni úr Almennri stærðfræði I og átta-tíu bókunum.

Heimavinna: Moodle heimanámspakki vikulega og auk þess einstaka sinnum heimanám úr því efni sem farið er yfir þá stundina.

Námsmat: Hæfniviðmið, kaflapróf og könnun í lok hvorrar annar.

Kennarar: Sigurjón Magnússon.

Enska (3)

Helstu áhersluatriði: Að auka markvíst orðaforða nemenda og efla lesskilning þeirra. Að þjálfna nemendur í að hlusta og skrifa ensku og örfa þá í að tala tungumálið. Bætt er við og byggt ofan á þá málfræðikunnáttu sem fyri er Að kynna enskumælandi lönd og þeirra menningu.

Helsta námsefni: Spotlight 8; lesbók og vinnubók, The Canterville Ghost og Adventures of Huckleberry Finn og aðrar léttlestrarbækur, hlustunarefni og aukaefni frá kennara. Kvikmyndir.

Heimavinna: Lestur námsbóka, verkefnavinna og glósur.

Námsmat: Símat. Jafningjamat og sjálfsmat. Lestur og ritun, hlustun og talmál eru metin. Vinna nemenda heima og í kennslustundum er metin. Kannanir eru hluti námsmats auk prófs í lok anna.

Kennari: Karen Jóhannsdóttir.

Danska (3)

Dönskunám í grunnskólum hefur því hlutverki að gegna að veita okkur aðgang að norrænu málsamfélagi og innsýn í norræna menningu.

Helstu áhersluatriði:

- Auka markvist við orðaforða nemanda.
- Nemendur geti skilið og myndað flóknari setningar.
- Nemendur geti sagt frá sjálfum sér, persónulegum högum, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.
- Lagður inn grunnur í málfræði.
- Getur skilið meginþráðinn í stuttum og einföldum frásögnum úr tímaritum, dagblöðum og netmiðlum.
- Getur samið stuttan einfaldan texta með stuðningi mynda, hluta, tónlistar og úr daglegu lífi.

Helsta námsefni: Tænk lesbók og vinnubækur A-B. Smil lesbók og vinnubækur. Þáttaröð um Mille (10 þættir). Efnistöð grunnnámsefnis fellur vel að skólasýn s.s heilbrigðan lífsstíl. Walk the talk efnið yfirfært á dönsku.

Námsmat: Leitast verður við að vera með fjölbreytt námsmat. Nemendur fá tækifæri til að vera með sjálfsmat og jafningjamat. Heimavinna nemenda og iðjusemi í kennslustundum er metin og stuttar kannanir.

Kennari: Anna Guðrún Jóhannsdóttir.

Samfélagsfræði (3)

Helstu áhersluatriði:

- Nemendur þekki til sögu Íslands tímabilið 1750-1900.
- Nemendur kynnist sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og Jóni Sigurðssyni.
- Nemendur læri um bauganet jarðar, innri og ytri öfl jarðarinnar, veðurfar, eyðimerkur og heimshöfin.

Helsta námsefni: Um víða veröld, jörðin. Jón Sigurðsson og hugmyndir 19. aldar. Árið 1918. Myndbönd og ítarefni á bókasafni, veraldarvefurinn.

Leiðir að markmiðum/kennsluaðferðir: Umræður, hópvinna, verkefnavinna.

Heimavinna: Lestur námsbóka, unnin verkefni.

Námsmat: Símat kennara og nemenda sjálfra á við um verkefnavinnu, upplýsingafærni, verklag og virkni í tímum. Vinnubækur, ritgerðir og myndræn framsetning eru jafnframt hluti af námsmati. Kannanir.

Kennari: Anna Guðrún Jóhannesdóttir

Náttúrufræði (3)

Helstu umfjöllunarefni: Lífið á jörðinni, bakteríur og veirur, þörungar og frumdyr, sveppir og fléttur, plöntur, dýr s.s. svampdýr, lindýr, liðdýr, fiskar og fuglar. Atferlisfræði, meðfætt og lært atferli dýra. Upprifjun á massa, rúmmáli og eðlismassa. Vísindaleg aðferð, skýrslugerð. Vettvagsferðir um nágrennið, grenndarfræði.

Námsefni: *Lífheimurinn, Orka, veraldarvefurinn, myndbönd og efni frá kennara.*

Heimavinna: Heimavinna felst að mestu í lestri í námsbók til að undirbúa næstu kennslustund og ljúka við verkefni/sjálfspróf sem ekki náðist að ljúka við í skólanum.

Leiðir að markmiðum/kennsluaðferðir: Með samræðum, hópa- og paravinnu er lögð er áhersla á að þjálfra lykilhæfni nemenda með áherslu á samvinnu, sjálfstæði og gagnrýna hugsun auk færni í að afla sér fróðleiks og nýta sér upplýsingar af vef og úr bókum.

Námsmat: Verkefnabók metin í lok anna, einstaklings- og hópavinna metin m.t.t. hæfniviðmiða og lykilhæfni. Heimapróf, stuttar kannanir og verkefni með hjálpargögnum. Horft er til þátttöku í samvinnuverkefnum, iðni og virkni í umræðum í kennslustundum.

Kennarar: Ingbjörg Kristín Gunnarsdóttir.

Lífsleikni (1)

Helstu áhersluatriði: Áfram er lögð áhersla á umræður um samskipti og jafnrétti haft að leiðarljósi í samskiptum. Fjallað er um mál sem upp kunna að koma hverju sinni og snerta líðan og velferð nemenda. Þetta er m.a. gert í formi bekkjarfunda þar sem nemendur eru þjálfaðir í því að koma hugsunum, tilfinningum og skoðunum á framfæri. Unnið verður með uppeldisstefnuna Jákvaður agi.

Helsta námsefni: Námsbókin *Hvað er málið ?* Nemendur taka þátt í að velja efni til umfjöllunar úr bókinni. Námsefni frá kennurum varðandi forvarnir, reykingar og fleira. Eineltishringurinn.

Leiðir að markmiðum/kennsluaðferðir: Umræður, samvinnunám, hópastarf.

Námsmat: Umsagnir í foreldraviðtölum um samskipti, virkni í verkefnum og umræðum. Sjálfsmat nemenda um eigin verkefni og samskipti.

Kennarar: Umsjónarkennarar.

Myndlist

Helstu áhersluatriði

Að nemendur

- geti skapað hreyfingu og kyrrð með ólíkum útfærslum línunnar, t.d. láréttum og lóðréttum
- tjái eigin tilfinningu á fagurfræðilegan hátt í eigin sköpun
- vinni myndverk í ýmsum tilgangi
- vinni humgynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk
- nýti sér samhengi grunnforma í tvívídd og þrívídd
- noti mismunandi efni, verkfæri og miðla í eigin sköpun
- nýti sér heiti og hugtök í sinni eigin myndrænu sköpun
- vinni myndverk frá hugmynd til afurðar

- nýti sér í hugmyndavinnu þróun ímyndar s.s. ýkjur, bjögun, einföldun, stækkun og minnkun
- nýti sér mismunandi efni og verkfæri í eigin sköpun
- noti fjölföldunaraðferðir í eigin sköpun og a.m.k. eina grafíska aðferð
- nýti grunnþætti myndlistar við hönnun og útlit leirmuna
- vinni með útlitshönnun hluta
- teikni og móti raunsæismyndir eftir fyrirmyndum
- vinni með hlutföll og stærðir í eigin sköpun
- fylgi hugmyndi til endanlegs verks
- nýti sér mismunandi verkfæri og miðla í eigin sköpun

Viðfangsefni eru m.a. myndverk sem byggja á myndlist og tónlist, leirmótun, leirmálun, fjölföldunar- og þrykkaðferðir, myndaraðir og myndvinnsla í tölvu.

Helsta námsefni: Listavefurinn, verkefni frá kennara - efni fengið úr ýmsum bókum og gögnum um myndlist. Inntak verkefna byggir á þrepamarkmiðum í aðalnámskrá grunnskóla.

Námsmat: Símat og sjálfsmat er notað til að ná árangri í að þroska myndmenntafærni og þróa jákvæð og lifandi viðbrögð í listinni. Símat er byggt á frumkvæði, framförum, vinnulagi, verkefnaskilum og frágangi. Ferli myndverks er metið jafnt á við frágengið verk.

Kennari: Aðalbjörg María Ólafsdóttir.

Smíðar (2)

Helstu áhersluatriði: Nemendur læra um yfirborðsmeðferð timburs. Nemendur kynnast eiginleikum efnis sem verið er að nota og möguleikum þess. Læra að nota eigin hugmyndir og koma þeim í framkvæmd. Teikna upp, vinna eftir teikningum og athuga leiðir til úrlausna. Efla sköpun og hugmyndaflug. Nemendur öðlist meiri færni í því sem áður hefur verið kennt.

Námsmat: Byggt á verkefnum, ástundun, vinnubrögðum, frágangi og framkomu.

Kennari: Ólafur Viðar Hilmarsson.

Heimilisfræði

Markmið: Fáí þjálfun í að matreiða fjölbreyttan og góðan hversdagsmat.

- Læri helstu matreiðsluaðferðir (suða, steiking, bakstur).
- Hafi tileinkað sér góða vinnutækni og rétta líkamsbeitingu.
- Þjálfist í að vinna sjálfstætt eftir uppskriftum
- Þjálfist í að vinna með öðrum og sýna öðrum virðingu og tillitsemi.
- Verði læs á umbúðamerkingar matvæla og viti að aukefni eru stundum notuð í matvæli.
- Rifji upp geymsluáðferðir matvæla og kunni skil á skaðsemi mismunandi örvera.
- Þekki helstu næringarefni fæðunnar og hlutverk þeirra og sjúkdóma sem stafa af röngu mataræði (prótein, fita, kolvetni, A,-B,-C,og D vítamín, kalk, fosfór, járn og jod)

Skipulag kennslu/kennsluaðferðir: Útlitunarkennsla, sýnikennsla, hópavinna, samvinnunám, einstaklingskennsla. Nemendur vinna 2-3 saman í hóp og læra þannig samvinnu og tillitsemi við aðra. Nemendur þurfa að vinna sameiginlega að ákveðnum verkum þar sem allir eiga að taka virkan þátt. Leitast er við að hafa hráefnisval og verkefni fjölbreytt. Útikennsla fer fram í maí og september og er þá aðallega notast við útigrill.

Námsefni/ kennslugögn: Matur og menning, ljósrituð gögn frá kennara, hefti og uppskriftir, matreiðslubækur og blöð..

Námsmat: Sjálfsmat á að gefa nemandanum tækifæri til þess að leggja gagnrýnið mat á eigin vinnu og framfarir, það er byggt á vinnusemi, frágangi og umgengni, hegðun og samvinnu í tímum. Símat er opið mat kennarans eftir hvern tíma á virkni/vinnusemi, áhuga, umgengni og snyrtimennsku, hegðun og samvinnu nemandans. Með þessu móti gefst nemendum kostur á að sjá strax hver staðan er og bæta það sem miður fer. Frammistaða nemenda er metin í lok annar með verklegu prófi.

Kennari: Þóra Gígja Jóhannsdóttir

Íþróttir

Helstu áhersluatriði- markmið: Að nemendur:

- Efli líkamspól, kraft, hraða og viðbragð
- Fá útrás fyrir hreyfipörf sína og fái í leiðinni jákvæða upplifun af íþróttum
- Þjálfist í samvinnu, að sýna tillitsemi og umburðarlyndi gagnvart öðrum nemendum
- Leitast er við að kynna sem flestar íþróttagreinir sem aðstæður bjóða upp á.

Leiðir: Fjölbreyttir íþróttatímar sem innihalda m.a. ýmsar leikfimiæfingar, þolæfingar, styrktaræfingar, boltaleiki sem og leiki.

Námsgögn: Stór og smá áhöld til íþróttaiðkunar.

Námsmat: Námsmat í íþróttum byggir á stefnu skólans og markmiðsetningu í skólanámskrá og aðalnámskrá grunnskóla. Námsmatið byggir á símati allt skólaárið þ.e. ýmsum mælingum, athugunum og prófum. Eftirtaldir þættir eru lagðir til grundvallar við gerð námsmats í íþróttum.

Færni: Könnuð er færni nemenda í þoli, fimi, styrk og hraða, einnig í ýmsum æfingum og leikjum með og án bolta.

Virkni og ástundun: Mat er lagt á mætingar, vinnubrögð, dugnað, áhuga og einbeitingu.

Félagsþroski og samskipti: Mat er lagt á samvinnu og samskipti nemenda og hvernig nemendur bregðast við fyrirmælum kennara og annarra starfsmanna í sal og búningsherbergjum. Umgengni er metin.

Forföll: Ef nemendur geta ekki tekið þátt í íþróttum verða þeir að koma með miða frá foreldrum þar sem ástæður forfalla koma fram, einnig er hægt að senda tölvupóst á netfang íþróttakennara, annars er um fjarvist að ræða.

Íþróttaföt: Nemendum er skylt að koma með leikfimiföt og handklæði í hvern tíma og fara í sturtu að honum loknum annars fá þeir ekki að taka þátt í íþróttatímanum. Koma með útiföt og skó þegar útikennsla er.

Kennari: Hrefna Dagbjartsdóttir, Kári Jóhannesson og Páll Viðar Gíslason.

Sund

Helstu áhersluatriði: Haldið er áfram að bæta tækni í helstu sundaðferðum, s.s. bringusundi, skriðsundi og baksundi.

Námsmat: Námsmat í sundi byggir á stefnu skólans og markmiðsetningu í skólanámskrá og aðalnámskrá grunnskóla. Námsmatið byggir á símati þ.e. ýmsum æfingum og prófum.

Í námsvísi hvers árgangs eru eftirtaldir þættir lagðir til grundvallar við gerð námsmats í sundi.

Færni: Matið byggir á því að nemandinn geti synt 400 metra sund, 15 metra björgunarsund með jafningja, 12 metra kafsund. Tímataka: 50 metra bringusund, 33 metra skriðsund, 33 metra baksund. Mat er lagt á sundstíl í bringusundi, skólabaksundi, skriðsundi, baksundi, kafsundi og stungu af bakka.

Virkni og ástundun: Mat er lagt á mætingar, vinnubrögð, dugnað, áhuga, einbeitingu og úthald.

Félagsþroski og samskipti: Mat er lagt á samvinnu og samskipti nemenda og hvernig nemendur bregðast við fyrirmælum kennara og annarra starfsmanna í sundlaug og búningsherbergjum. Umgengni er metin.

Kennari: Páll Gíslason.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	7
Boltaípróttir (8. – 10. bekkur)	8
FÉLAGSMÍÐSTÖÐVARVAL – Félagsmiðstöðvarráð (8. – 10. bekkur).....	8
Frjálssar ípróttir (8. – 10. bekkur).....	8
Handboltaskóli – (8. – 10. bekkur)	8
Leður, Leir, Mósaiik (8. – 10. bekkur)	9
Tónlist og tölvur (8. - 10. bekkur).....	9
Útivist og hreyfing (8. – 10. bekkur).....	9
Vetrarípróttir.....	10
Þjóðleikur á Norðurlandi (8. -10. bekkur)	10

Boltaíþróttir (8. – 10. bekkur)

Markmið og kennsluaðferð: Áhersla er lögð á boltagreinar og ýmskonar boltaleiki. Tilgangur með boltaíþróttum er m.a. til að efla líkamsþroska, bæta heilsufar og vekja áhuga á íþróttaiðkun til ástundunar utan skóla sér til heilsubótar og lífsfyllingar. Kennslunni er skipt niður í tímabil þar sem farið verður m.a. í: Fótbolta, blak, körfubolta, handbolta, hafnarbolta, bandý, sundknattleik, ýmsa boltaleiki og margt fleira. Mikil fjölbreytni verður í tímunum og með því móti er reynt að gera kennsluna áhrifameiri, líflegri og skemmtilegri.

Námsmat: Námsmat er framkvæmt í lok hvorrar annar. Það byggist á ástundun, framförum og hegðun.

Kennari Birna Baldursdóttir

Kennt á miðvikudögum kl. 13.30-14:50 í Íþróttahöllinni v. Skólastíg.

FÉLAGSMIÐSTÖÐVARVAL – Félagsmiðstöðvarráð (8. – 10. bekkur)

Markmið:

- Að nemendur öðlist aukna félagslega færni.
- Að nemendur efla sinn félagslega þroska.
- Að nemendur öðlist sterkari og jákvæðari sjálfsmynd .
- Að nemendur kynnist unglíngalýðræði og lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Að nemendur kynnist annarri menningu og öðlist jákvætt viðhorf í garð þeirra.
- Að nemendur læri að skipuleggja, undirbúa og framkvæma viðburði í félagslífi sínu.

Þeir nemendur sem veljast í þessa valgrein mynda félagsmiðstöðvarráð/starfslista félagsmiðstöðvarinnar

Inntak: Framsögn, framkoma, fundarsköp, skipulagning á viðburðum, skoðanaskipti, samvinna, virðing fyrir öðrum.

Leiðir: Nemendur vinna mikið í hópum að verkefnum. Kynningar eru á hugmyndum nemenda. Nemendur læra að setja upp viðburði, auglýsa þá og stjórna þeim.

Námsmat: 35% Sjálfsmat 35% jafningjamat 30% Verkefni: Nemendur vinna saman 2-4 í hóp við að skipuleggja og halda minni viðburði í félagsmiðstöðinni. Hluti af verkefninu er að kynna verkefnið fyrir hópnum til dæmis með glærusýningu. Hver nemandi fær umsögn bæði fyrir haust- og vorönn.

Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðvanna: Söngkeppni, Furðuverk (hönnunarkeppni), brettahelgi, íþróttadagur, spurningakeppni og skálaferð.

Viðburðir innan félagsmiðstöðvar: Kaffihúsakvöld, áskorunarkvöld, gistikvöld og spilakvöld.

Kennt fer fram í félagsmiðstöðvunum og er í höndum kennara/leiðbeinenda þar.

Kenndar eru tvær stundir á viku auk þeirra viðburða sem nemendur skipuleggja.

Frjálsar íþróttir (8. – 10. bekkur)

Kenndar verða ýmsar greinar frjálsra íþróttar.

- Hlaup; spretthlaup, grindahlaup, langhlaup og boðhlaup.
- Stökk; langstökk, hástökk, þristökk og stangarstökk.
- Kastgreinar; kúluvarp, kringlukast og spjótast.

Tilgangurinn er að vekja áhuga á fjölbreytni frjálsra íþróttar, sem og að nýta góða aðstöðu í Boganum og á nýjum frjálsíþróttavelli á Þórsvæðinu.

Námsmat: Áhugi, ástundun, frumkvæði og virkni í tímum

Kennari: Unnar Vilhjálmsson íþróttakennari.

Kennt verður í Boganum á þriðjudögum kl: 13.40-15.00.

Kennt verður í Strandgötu 19. (Áður Gallerý Grúska) þriðjudaga kl. 13:40 – 15:00 og miðvikudaga kl.13:40 – 15:00.

Handboltaskóli – (8. – 10. bekkur)

Boðið er upp á kennslu og þjálfun sem byggir á handboltaæfingum og fræðslu um handbolta.

Námsmat: Tekið er mið af áhugasemi, einbeitingu og árangri.

Kennari: Jóhannes Bjarnason

Kennt verður á miðvikudögum kl. 13:30-14:50 í KA-húsinu.

Leður, Leir, Mósaik (8. – 10. bekkur)

Leðurvinna (10 vikur)

Unnið verður með leður og geta nemendur valið um að gera t.d. handsaumuð pennaveski, litlar töskur, peningabuddur, seðlaveski og lyklakippur, skartgripi, nælur, armbönd, belti og hálsskart. Einnig saumað stærri töskur, formað grímur og myndverk og skreitt með perlum hrosshári og fl.

Leirmótun (10 vikur)

Nemendur vinna leirmuni að eigin vali, í samráði við kennara, sem fela í sér hugmyndavinnu, verklega útfærslu og myndræna framsetningu í formi og lit. Kynntar verða mismunandi aðferðir við leirmótun, hönnun hluta, áferð, munsturgetu og litaval og unnið með þær hugmyndir í verkefnavinnunni eftir því sem tími vinnst til. Unnið verður með jarðleir og reynt eftir aðstæðum að bjóða upp á fjölbreytta útfærslumöguleika eftir áhuga nemenda hverju sinni. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og skapandi úrlausnir verkefna. Nemendur tileinki sér góða umgengni um efni og áhöld.

Mósaik (10 vikur)

Unnið verður með 3mm litað gler, spegla og etv eitthvað annað efni sem til fellur. Verkin verða frekar stór, ca. 30x60 cm – 50x60 cm. Veggmyndir, speglar, borðplötur, blómavasar (á vasana notum við málað eggjaskurn) ofl.

Þegar verkin eru búin eru settar veggfestingar aftan á eða annað sem þarf.

Námsmat: Byggist á símati þar sem virkni, frumkvæði, úrvinnsla hugmynda og vinnubrögð er notað sem grundvöllur fyrir lokaumsögn. Auk þess er byggt á sjálfsmati nemenda og einstök verkefni metin í samræmi við markmið.

Kennslan er í höndum kennara í Glerárskóla

Kennt verður í Glerárskóla á þriðjudögum kl. 13:40 - 15:00

Tónlist og tölvur (8. - 10. bekkur)

Lýsing: Tölvur þjóna ríkum tilgangi í allri hljóðupptökutækni í dag. Undantekningalaust eru tölvur notaðar í upptökum á allskyns tónlist og tónsköpun. Nemendur fá að skyggjast inn í þennan magnaða heim og kynnst hvernig unnið er með hljóðupptökutækni í dag.

Markmið: Að nemendur kynnist því hvernig unnið er með miditækni; midi er merkið sem hljómborðið sendir til tölvunnar, tölvan les tóninn, lengd hans og hversu sterkt eða veikt stutt var á hljómborðið. Hljómborðskunnáttu er ekki krafist, því það er svo dásamlegt við þetta allt saman að til að semja tónlist þarf maður í raun ekki að kunna á hljóðfæri; maður þarf að kunna á eyru sín og hjarta. Hver og einn nemandi semur sín tónverk, í hvaða stíl sem hann óskar; tekkno, rokk, popp, o.s.fr.v.

Einnig verður stiklað inn í heim hljóðupptökunnar; upptökur á söng og hljóðfæraleik. Hvernig unnið er með audio og farið er yfir hvernig hljóðnemar eru notaðir til upptöku. 12 nemendur eru í hóp og vinna ýmist 2 eða fleiri saman.

Námsmat

- Ástundun og vinnubrögð 50 %
- Metið verður frumkvæði nemenda og sýnilegur áhugi. Einnig framkoma við samnemendur, vinnusemi í tímum og hegðun. Framfarir á önninni verða metnar.
- Verkefnavinna 30 %
- Verkefni 10 %. Skrifleg verkefni,
- Tónlistarleg færni 10 %. Hér verður metið hvort nemendur sýna sérstaka tónlistarlega færni í viðfangsefnum. Nemendur sem sýna góða tilfinningu fyrir tónhæð, takti o.þ.h. geta hér náð sér í auka punkta.

Kennarar: Heimir Ingimarsson og Karl Hallgrímsson

Kennt fer fram í tveimur skólum, hálfur vetur hjá Heimi í Brekkuskóla og hálfur hjá Karli í Naustaskóla.

Kennt er á miðvikudögum kl. 13:30-14:50.

Útivist og hreyfing (8. – 10. bekkur)

Markmið:

- Að nemendur læri grunnatriði útivistar s.s. mikilvægi þess að klæða sig rétt, neyta hollrar fæðu og undirbúa sig vel eins og að fylgjast með veðri og færð.
- Að nemendur læri að þekkja nokkrar gönguleiðir í nágrenni bæjarins.
- Að nemendur læri að þekkja nokkrar hjólaleiðir í nágrenni bæjarins.
- Að nemendur læri grunnatriði skyndihjálpar.

Aðaláherslan verður á útivistina að hausti. Farið verður í þrjár gönguferðir í nágrenni bæjarins. Gengið verður upp í Fálkafell – Gamli – Kjarnaskógur, Vaðlaheiði og Hlíðarfjall. Gert er ráð fyrir því að nemendur komi sér sjálfir á upphafspunkt þar sem gönguferðir hefjast og séu sóttir að lokinni gönguferð. Mikilvægt er að nemendur hafi aðgang að góðum skjólfatnaði og séu vel búnir til fótanna. Farið verður í gönguferðirnar á virkum dögum. Gönguferðirnar munu taka frá 4-6 klst.

Farið verður eina ferð í fjallið á skíði/bretti og ein ferð á skautasvellið.

Námsmat: Ekki er próf úr útivistarhlutanum en nemendur þurfa að mæta í allar gönguferðirnar.

Í skyndihjálparhlutanum verður m.a. farið í rétt viðbrögð við aðkomu að slysum, endurlífgun, blóðmissi, beinbrotum, höfuðáverkum og bráðasjúkdómum.

Farið verður í vettvangsferð á slökkvistöðina.

Kennsluáðferðir: Fyrirlestrar, verkleg kennsla og leikir tengdir skyndihjálpinni.

Teknar verða þrjár kannanir yfir tímabilið og verkleg könnun í endurlífgun. Lokaeinkunnin 7 gefur nemendum rétt á að sækja um skírteini til Rauða Krossins sem metið er til einnar einingar í framhaldsskólum.

Fræðsla verður um Björgunarsveitina Sútur og húsnæði hennar verður skoðað.

Þar sem ekki er unnt að koma ýmsum þáttum valgreinarinnar fyrir innan tveggja kennslustunda á viku, verður hún kennd í lotum inn á milli eins og gönguferðir, vettvangsferðir og viðamiklir þættir innan skyndihjálparinnar eins og endurlífgun. Mun því valgreininni ljúka töluvert fyrir vorið.

Kennari: Anna Sigrún Rafnsdóttir

Valgreinin hefur aðsetur í Síðuskóla. Kennt verður á miðvikudögum kl. 13.40-15.00 en stundum í lengri lotum þannig að henni lýkur fyrr að vori.

Vetraríþróttir

Skautar: Farið verður í grunnatriði skautaíþróttar, hokki og krullu. Framvinda kennslunnar fer eftir samsetningu hópsins. Búnaður fyrir nemendur er á staðnum. Kennslan tekur ekki mið af nemendum sem hafa æft íþróttina.

Námsmat: Mætingar, frammistaða, framfarir og áhugi.

Kennsla fer fram í skautahöllinni á þriðjudögum frá 13:50-15:10 og er kennt á haustönn.

Skíði: Farið verður í grunnatriði skíðaíþróttar. s.s. svigskíði, gönguskíði og bretti. Aðallega er um verklegt nám að ræða en ef veður verður óhagstætt verður hluti námsins bóklegur. Framvinda kennslunnar fer eftir samsetningu hópsins. Búnaður fyrir nemendur er á staðnum.

Námsmat: mætingar, frammistaða, framfarir og áhugi.

Kennslan fer fram í Hlíðarfjalli á þriðjudögum 13:40-16:20 í 8 vikna lotu á vorönn.

Þjóðleikur á Norðurlandi (8. -10. bekkur)

Þjóðleikur er samvinnuverkefni fjölmargra áhugasamra aðila á Norðurlandi og Þjóðleikhússins um eflingu leiklistar og skapandi starf fyrir ungt fólk.

Settir eru saman leikhópar víðs vegar um Norðurland sem setja á svið leikverk. Samkeppni er meðal ungra viðurkennndra leikskálda um leikverkin sem verða þjú og eiga að vera um 45 mínútur að lengd. Leikverkin verða síðan sýnd í heimabyggð þar sem blásið verður til leiklistarhátíðar. Þangað er öllum leikhópum á Norðurlandi, sem taka þátt í verkefninu, boðið að koma og sína sitt leikrit.

Markmið Þjóðleiks eru m.a.:

- Að efla leiklist á Norðurlandi
- Að vekja áhuga ungs fólks á leiklist og efla læsi þeirra á listformið
- Að tengja Þjóðleikhúsið á lifandi hátt við landsbyggðina
- Að miðla af fagþekkingu leikhússins til leikhúsáhugafólks í landinu
- Að styrkja íslenska leikritun

Kennslan verður í höndum kennara sem hafa leiklist að áhugamáli.

Kennt verður í Rósenborg á þriðjudögum.